


FÉLAGSBLAÐ NYÁLSSINNA

Fréttir og félagsmál.

Það sem oss máttum meint um helgólfarinn er samband við fullkomnum lífardagum annarri stóru höfuði.

Helgi Pjeturss.



Útgefandi: Félag Nýalssinna
Álfhólsvégi 121, Kópavogi, sími 40765
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

„Hesthausinn“ í stjörnumerkínú Órion

(SJÁ FORSÍÐUMYND)

Víða í vetrarbrautinni eru víðáttumikil rykský. Eru sum þeirra dimm en önnur lýsandi.

Á myndinni sjáum við eina af þessum dimmu efnisþokum, sem skyggja á stór svæði geimsins innan vetrarbrautar okkar. Hún er í stjörnumerkínú Órion, sem er eitt allra fegursta stjörnumerkí himins. Poka þessi hefur verið kölluð „Hesthausinn“ vegna líkninga sinnar við hesthaus. Hún er rétt undir Fjósakonunum í Órion, en það eru þrjár stjörnur í röð í miðju stjörnumerkínú.

Til þess að geta skilið vel kenningu Nýals um líf í alheimi, er nauðsynlegt að kynna sér aðalatriðin í hinni almennu stjörnufræði. Til eru nokkrar aðgengilegar bækur á íslensku um stjörnufræði, og má þar nefna bókina Reikistjörnurnar eftir Carl Sagan í alfræðasafni Almenna bókafélagsins. Og í bókaverslunum í Reykjavík er yfirleitt til allgott úrvall bóka um stjörnufræði á erlendum málum.

Fátt heillar hugann meira, á heiðskíru vetrarkvöldi, en að horfa til himins og virða fyrir sér alla þá dýrð er þar blasir við. Og enn merkilegri verður þessi fegurð stjörnuhiminsins, ef við hugleiðum jafnframt, að allar þessar stjörnur eru sólir, í líkingu við okkar sól, og gerum ráð fyrir að reikistjörnur gangi kringum flestar þeirra. Og við getum verið viss um að innan margra þessara sólhverfa eru byggðir hnettir, eins og okkar jörð, þar sem eru mannkyn á missjöfnu þroskastigi.

Stórkostleg er sú hugsun, að hægt sé að hafa sambönd við íbúa annara stjarna .Fjarlægðin til þeirra vex okkur svo mjög í augum. En Helgi Pjeturss hefur bent okkur á leiðina til skilnings, hvernig slíkt má verða. Lífgeislinn fer þessar vegalengdir á örskotsstund, og flytur með sér skynjanir frá einum einstaklingi til annars, án þess að fjarlægðir geimsins verði þar nein hindrun.

Ingvar Agnarsson.

Fréttir af félagsstarfi

Úrdráttur úr fundargerðum

Félagsfundur 4. september 1974.

Fundurinn var haldinn í Stjörnusambandsstöðinni að Álfhólsvegi 121 í Kópavogi. Formaður setti fund kl. 21 og skipaði Helga Guðlaugsson fundarstjóra. Fundarstjóri lýsti því næst dagskrá og bar upp eina intökubeiðni sem samþykkt var einróma.

Fyrsta mál á dagskrá var þjóðhátíðarför félagsins um Þingvelli, Borgarfjörð og Snæfellsnes 3.—6. ágúst s.l. Kjartan Norðdahl, sem var fararstjóri, rakti helstu viðburði fararinnar og sýndi með myndvörpu litmyndir frá ferðinni sem nokkrir þátttakenda höfðu tekið. Við umræður á eftir kom fram það einróma álit þátttakenda að förin hefði tekist með ágætum og sjálfsagt væri að auka slíka starfsemi í framtíðinni.

Næst var rætt nokkuð um endurbætur á Stjörnusambandsstöðinni, sem þá stóðu yfir, og lagður var fram samskotalisti til fjárfölnunar vegna þessara framkvæmda. Safnaðist strax á fundinum nokkurt fé.

Pá las Ragnar Sturluson kafla úr bókinni „Miðill í 40 ár“ eftir Estelle Róberts. Urðu nokkrar umræður á eftir um það sem lesið var. Næst var skýrt frá fyrirhugaðri för félagsins að Húsafelli síðar í mánuðinum.

Porsteinn Guðjónsson vakti máls á því hvort ekki væri athugandi að rifjað væri upp á hverjum félagsfundi það sem markverðast hefði gerst í liðnum mánuði og sérstaklega snerti málstað Nýals-sinna. Nefndi hann sem dæmi í því sambandi málflutning Ingvars Aagnarssonar í útværpsþættingum „Spurt og svarað“ 23. ágúst s.l. Tóku margir undir þetta og létu í ljós ánægju yfir því hversu vel Ingvari hefði tekist að skilgreina kjarna Nýalsstefnunnar í stuttu máli.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 23.

Félagsfundur 2. október 1974.

Formaður setti fundinn, bauð menn velkomna og skipaði Helga Guðlaugsson fundarstjóra. Tala fundarmanna var liðlega 30, þar af nokkrir gestir. Fundarstjóri skýrði frá því að ekki gæti orðið af erindaflutningi Kjartans Norðdahls um stjörnufræði og kvíkmyndasýningu, eins og boðað hafði verið, vegna þess að ekki tókst að útvega kvíkmyndavél í tæka tíð. Yrði því að fresta þessum þætti til næsta fundar. Þessu næst voru bornar upp og samþykktar inntökubeiðnir þriggja nýrra félagsmanna.

Pá voru tekin til umræðu ýmis félagsmál. Ingvar Agnarsson hafði framsögu og ræddi um helstu verkefni sem úrlausnar biðu. Sambandsstarfið yrði að efla af fremsta megni og til athugunar væri að breyta að einhverju leytti skipulagi þess. Hann minntist á nauðsyn aukinnar útgáfu rita fyrir almenning til kynningar á stefnu Nýals og einnig ræddi hann um nauðsyn vísindalegrar tilrauna í sama skyni. Einnaig væri orðið tímabært að fara að huga að nýrri útgáfu Nýals, því hin fyrri væri nær uppseld. Að lokum minntist hann á hugmyndina að byggingu stórrar og fullkominnar stjörnu-sambandsstöðvar sem þjóðin ætti helst öll að standa að, en Nýals-sinnar yrðu að hafa þar frumkvæðið.

Miklar umræður urðu um þessi mál. Haukur Matthíasson sagðist álita að kynningarfundir hefðu ekki tekist vel, enda væri árangur þeirra grátlega lítill. Til álita kæmi að efna til námskeiða sem seldur væri aðgangur að og gæti slíkt orðið vísir að lýðháskóla framtíðarinnar, sem legði stund á nýölsk fræði. Minntist Haukur einnig á ýmis rit sem út þyrfti að gefa.

Ingvar svaraði og sagði að enginn hefði gert sér í hugarlund að hægt væri að koma öllum almenningi í skilning um stefnu okkar með fáeinum kynningarfundum eða nokkrum smáritum. Hér væri um að ræða höfuðverkefni félags okkar og það yrði ekki af hendi leyst nema með þrotlausu starfi og óbilandi þrautseigju. Aðalvandin sem við yrðum að sigrast á nú á næstunni væri sá að finna leið til að koma ritum okkar og ræðum fyrir augu og eyru margfalt fleiri manna heldur en enn hefði orðið, og að læra að túlka meginatriði hinna nýölsku fræða á svo ljósan og alþýðlegan hátt að hvert mannsbarn gæti skilið.

Þorsteinn Guðjónsson sagði að Nýall væri hvort tveggja í senn alþýðlegur og hávísindalegur og því jafnt við hæfi bæði lítt skólagenginna manna og háskóلالærðra.

Þessu næst sagði Helgi Guðlaugsson frá för félagsins til Húsa-

fells í fyrra mánuði. Páttakendur voru 24 og þótti fórin takast ágætlega. Héldu ferðafélagarnir two sambandsfundi þarna í Húsa-fellsskógi, ásamt nokkrum gestum úr nágrenninu, og tókust fundirnir vel. Að lokinni ferðalýsingu sýndi Sveinn Haraldsson stutta kvíkmynd frá ferðalaginu.

Að lokum skýrði Helgi Guðlaugsson frá viðgerðum og endurbótum á Sambandsstöðinni sem þá var nýlega lokið. Sagði hann að allar þessar framkvæmdir hefðu verið af hendi leystar í sjálfboðavinnu af félagsmönnum. Nefndi hann nokkra félaga sem lagt hefðu fram sérlega mikla vinnu, og þakkaði þeim f.h. félagsins.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 23.

Félagsfundur 6. nóvember 1974.

Formaður setti fundinn kl. 21 og stjórnaði honum. Mættir voru tuttugu.

Aðalefni fundarins var erindi um stjörnufræði sem Kjartan Norðdahl flutti. Að erindinu loknu sýndi Atli Hraunfjörð þrjár stuttar kvíkmyndir um rannsóknir á himingeimnum. Úrðu miklar umræður á eftir um stjarnfræðileg efni og var gerður góður rómur að erindi Kjartans.

Þorsteinn Guðjónsson bar saman hvernig kenningar Nýals kæmu heim og saman við það sem áunnist hefði í framsókn mannsandans í þessum fræðum. Minnti hann einnig á að sjónaukinn kom fram á eftir uppgötvun Brúnós. Ævar Jóhannesson sagði frá korti sem fundist hefði á Indlandi og væri miklu eldra en frá dögum Pýþagórasar. Kjartan Norðdahl sagði frá því að Stonehenge í Englandi væri stórum eldra en tímabil Forn-Grikkja. Hann minntist jafnframt á hve gagnlegt gæti orðið að tekin væri saman saga þess hvernig menn hefðu hugsað sér líf á öðrum stjörnum, allt frá þeim tíma að sú hugsun kom fyrst fram, svo vitað sé.

Að lokum vakti Magnús Norðdahl mál á því hvort sú kenning kynni að vera rétt að mennirnir væru komnir af öpum. Úrðu um þetta nokkrar umræður og var bent á að talið væri líklegast að svo væri ekki, heldur væru þessar tvær tegundir komnar af sömu rót.

Pegar hér var komið var orðið nokkuð áliðið kvölds og því ekki gerlegt að taka fleira fyrir í þetta sinn.

Fundi slitið kl. 23,30.

Félagsfundur 4. desember 1974.

Fundinn sóttu 25 manns, þar af 4 konur.

Formaður Ingvar Agnarsson setti fundinn og gat um það markverðasta sem gerst hafði innan félagsins eða á vegum þess s.l. mánuð:

Pann 7. nóv. kom Erlendur Haraldsson, fyrirburðafræðingur, og hélt erindi í stjörnusambandsstöðinni, um rannsóknir, sem fram fara í ýmsum háskólum um drauma, hugsanaflutning, lífgeislan og sitthvað fleira.

Fræðslu- og miðilsfundur var halddinn í stjörnusambandsstöðinni þann 19. nóv. Ingvar Agnarsson flutti þar erindi: „Lífgeislun og lífgeislalæknigar. Fundargestir voru um 50. Miðill var Sigríður Guðmundsdóttir.

Fræðslu- og miðilsfundur var haldinn á sama stað þann 30. nóv. Helgi Guðlaugsson flutti þar erindi: Tilgangur sambandsfunda. Um 40 manns sóttu fundinn. Miðill var Sigríður Guðmundsdóttir.

Almennur fræðslu- og umræðufundur var haldinn í Norræna húsinu þann 22. nóvember. Erindi fluttu: Ólafur Halldórsson, líffræðingur, Ingvar Agnarsson og Þorsteinn Guðjónsson. Að loknum erindum og kaffihléi voru almennar umræður um sitt hvað er snertir Nýalsmálefni og fleira, og tóku fundargestir mjög jákvæðan þátt í þeim umræðum. Fundargestir voru alls um 110.

Pá gat formaður þess að nýlátinn væri einn af stjórnarmönnum félagsins, Ragnar Sturluson (þann 2. des.). En Þorsteinn Guðjónsson flutti um hann stutt minningarávarp. Hann gat þess að hann hefði verið mikill Grænlandsvinur, Esperantisti, góður Nýalssinni og þetta árið ritari félagsins. Að loknum kveðjuorðum Þorsteins stóðu allir upp til að minnast hins látna félaga.

Síðan tók Kjartan Norðdal til mál og rakti sögu miðilsstarfs innan félagsins allt frá stofnun þess og fram á okkar dag. Las hann upp úr Viðnýal úr greininni: Framtíð Reykjavíkur, en síðan las hann upp úr Félagsblaði Nýalssinna, ýmsar greinar, þar sem skýrt var frá árangri af tilraunum félagsmanna til sambanda við menn á öðrum hnöttum. Tilvitnanir Kjartans voru úr ýmsum greinum í Félagsblaðinu frá upphafi útkomu þess og fram undir þennan dag. Rakti hann og með eigin orðum þessa sögu vel og skilmerkilega, en síðan ræddi hann nokkuð hvað honum findist helst mega verða til bóta, til að bæta árangur miðilsfunda, og hvað helst mundi vera unt að gera til að stuðla að betri samstillingu á fundum, en það

mun vera, eins og allir eru sammála um, skilyrði þess að miðils-tilraunir megi vel takast.

Síðan bar Kjartan fram svohljóðandi tillögu:

Ég legg til, að þessi fundur kjósi þriggja manna nefnd, sem fái heimild til að gera ákveðna tilraun í sambandsmálum F.N. og fái til þess mánuðina janúar og febrúar 1975, og verði tillögur nefndarinnar lagðar fyrir félagsfund 8. janúar 1975, til endanlegrar afgreiðslu.

Kjartan Norðdahl.

Miklar umræður urðu um erindi Kjartans og um tillögur hans. Pessir tóku til máls: Þórdís Malmkvist, Magnús Norðdahl, Örn Friðriksson, Ingvar Agnarsson, Helgi Guðlaugsson, Sigríður Guðmundsdóttir, Pétur Gíslason, Þorsteinn Guðjónsson, Atli Hraunfjörð o.fl.

Í erindi Kjartans Norðdahls komu fram eftirfarandi atriði: Miðilsstarfsemi hefur farið frá vegum félagsins, fyrst í 5 ár að Laugarvegi 24, og síðan í önnur 5 ár á Álfhólsvegi 121 í Kópavogi. Starfsemi þessi hefur aldrei fallið niður á þessu tímabili. Hafa miðilstilraunir oftast verið nokkrar í viku hverri og telst Kjartani svo til að tilraunafundir þessir muni varla vera undir 2000 talsins í þessi 10 ár, sem þeir hafa farið fram óslitið á vegum félagsins. En auk þess var haldið uppi tilraunum með glas og stafaplötu í nokkra veturnar, áður e ntilraunir hófust með talmiðlum.

Tillaga Kjartans, um skipun þriggja manna nefndar var svo borin undir atkvæði og var hún samþykkt mótatkvæðalaust.

Fundi lauk kl. 23,30.

Um fundinn í Norræna húsinu

Félag Nýalssinna hélt fund í Norræna húsinu föstudaginn 22. nóv. 1974 kl. 21. Formaður, Ingvar Agnarsson setti fundinn og talaði fyrst um stofnun félagsins og hlutverk þess. Nefndi endurútgáfu Nýals (1955), upphaf miðilsstarfsemi (1966), opnun sambandsstöðvar (1969), eigin málöggn og bókaútgáfu.

Ingvar bað Guðmund Sigurðsson að taka að sér fundarstjórn og gerði hann það. Síðan hófst erindaflutningur í þessari röð:

1. Ólafur Halldórsson líffræðingur: Um framtíðarhorfur mannkynsins og hugsanlegar lausnir. (Skýringarmyndir).

2. Lífsambönd við íbúa annara stjarna: Ingvar Ágarsson.

3. Furðuleg fyrirbæri og einfaldar skýringar: Þorsteinn Guðjónsson.

(Þessi þrjú erindi hafa birst í Félagsblaði Nýalssinna nr. 44.)

Eftir hlé bauð fundarstjóri til almennra umræðna um efni erindanna.

Fyrstur tók til máls Guðm. Þorvarðarson og spurði hvernig Nýalssinnar skýrðu fyrirboðadrauma eða það hvers vegna menn dreymdi fyrir daglátum. Hann spurði hvort Nýalssinnar hefðu gefið úr sérstakt rit um drauma. Hann talaði um heimsendisspár, og sagði að þær væru orðnar nokkuð margar, og spurði sem svo hvort meiri ástæða væri til að taka mark á þessari en öðrum. Þessum spurningum svaraði P.G. og sagði að fyrirboðadrauma yrði að skýra með sambandi eins og aðra drauma, að sérstakt rit um drauma væri ekki enn til, og hann tók fram, að kenning Nýals um háska mannlífsins væri ekki spádómur í venjulegum skilningi, heldur væri hún byggð á ályktunum.

Helgi Guðlaugsson beindi því til Ólafs, í sambandi við hungurhættu mannkyns hvort ekki mundi nýting jarðargróðurs vera ófullkomin víða, og beindi einnig athyglinni að því hvort ekki væri óráðlegt að nota það sem jurtirnar gefa af sér til þess að ala dýr á því, sem síðan væru étin, í stað þess að mennirnir neyttu fæð-

unnar beint. Ólafur sagði að slíkt hefði mönnum komið í hug, að gera menn að grasætum, og að færa fæðuöflun mannkynsins neðar í fæðupýramídann sem hann nefndi svo. Viðureignina við skordýrin taldi hann mjög erfiða, vegna þess að skordýraeitrið úreltist og væri á ýmsan hátt mjög skaðlegt.

Ungur piltur spurði um orkuflutninga milli manna. Ingvar svar-aði því til að slíkt væri mögulegt, en orka okkar hér á jörð væri næsta lítil í samanburði við þá sem lengra eru komnir, og venjulega væri um það að ræða að við verkuðum sem stillar til sambands við þá orkuuppsprettu sem sambandsgjafinn er. Gunnar Grímsson sagði að sér fyndist við með þessu gera fulllítið úr orkuflutningi milli manna, því að það væri staðreynd að þegar miklir ræðumenn næðu tökum á mannfjölda — og nefndi hann Adolf Hitler sem dæmi um slíkt — þá fyndu þeir orkuna streyma til sín frá mannfjöldanum.

Þorsteinn Guðjónsson sagði að þetta byrfti ekki að rekast neitt á, sem hinir tveir hefðu sagt, um orkuflutninga væri jafnan að ræða að meira eða minna leytí, og þó væru þetta stilliáhrif því að jafnan væri stillt til annarar orkuuppsprettu. Munurinn væri aðeins sá að menn yrðu misjafnlega mikið varir við orkuna, og sagði hann frá eigin dæmi um mikla orkugjöf, sem leiddi til magnleysis, sem jafnaði sig þó flijótt. Gunnar Grímsson sagðist telja það hina mestu hættu ef reynt yrði að koma á „alheimsstjórn“, eins og einn fyrirspyrjandi hafði spurt um í sambandi við erindi Ólafs.

Þorsteinn Guðjónsson taldi það í átt til réttrar heildarstjórnar að reynt yrði að stilla mannfélögini til réttari sambanda með beitingu hugarafls, sagði hann dæmi frá Póllandi um það sem hann taldi vera spor í þessa átt. Þrír ungir menn eru þar Nýalssinnar og hafa hinn mesta áhuga á framförum mannkynsins á þessum grundvelli. Fyrst þegar þeir voru að vakna til vitundar um þessi mál fannst þeim mannfélagið í kringum sig vera sljótt og dauft fyrir öllu slíku. Smám saman óx þeim vilji og kjarkur til að hafa orð á þessu við aðra, jafnvel við yfirmenn háskólans í borg þeirra; síðan leið nokkur tími, en nú skrifa þeir að allt sé að breytast um afstöðuna til þessa máls viða í Póllandi, og greinar um sambandsfyrirbæri, sem áður áttu varla þess kost að sjá dagsins ljós eru nú algengar í blöðum og tímaritum landsins. Petta taldi P.G. vott um að öflug hugsun þessara þriggja hefði með stilliáhrifunum einum átt mikinn þátt í þessari stefnubreytingu — sem þó væri aðeins fyrsta sporið á þeirri braut.

Kona spurði um segulstefnuskipti jarðarinnar, og um pólveltur

hennar, og vitnaði í Þorleif Einarsson jarðfræðing í því sambandi. Spurði hún hvort slíkt kynni að marka þau endalok sem bent hafði verið til í erindi Ólafs Halldórssonar. Svarað var því að segulstefnuskipti og pólveltur þyrftu ekki að fylgjast að, og væri allt óvissara um hið síðarnefnda, hvort nokkru sinni ætti sér stað en hið fyrrnefnda sem er velbekkt, og hefur einmitt staðfest jarðfræðikenningar Helga Pjeturss.

Stúlka spurði hvort helstefnan yrði ekki að halda áfram sína leið og líða þannig undir lok af sjálfrí séri, áður en hin góða öld lífstefnunnar gæti hafist. Petta sögðust Nýalssinnar líta öðru vísi á, (H.G. og P.G.). Yrði að reyna að vinna að framgangi hins rétta meðan það væri ekki of seitnt.

Sama stúlka spurði um dálestra Edgars Cayces, sem hún taldi hafa komið fram. Svarað var því til að lengra kominn íbúi annarar stjörnu sem betri yfirsýn hafði en jarðarbúar, mundi hafa miðlað vitneskju sinni í gegnum Cayce.

Fyrirspyrjandi einn lét það í ljós að hugmyndum Nýalssinna svipadí mjög til hugmynda trúarbragðanna, og spurði í því sambandi hvort Nýalssinnar höfnuðu guðshugmyndinni. Helgi Guðlaugsson sagði að í Nýal væri talað um miklu fullkomnari verur á öðrum stjörnum en mennirnir eru, og væru þær verur réttnefndar guðir. Á bak við hugmyndir manna um guð eða guði væri samband við slíkar verur, samband sem menn hefðu reyndar rangtúlkað og misskilið, og á sumum öldum þegar slíkar rangfærðar hugmyndir hefðu ráðið mestu í hugum manna, hefði ástandið orðið einna verst á jörðu hér. Helgi Guðlaugsson sagði að hugarfarið þyrfti að batna, og væri það fyrir mestu. Ingvar Agnarsson sagði að kenning Nýals væri ekki í andstöðu við kærleiksboðskap kristninnar heldur í framhaldi af honum og besta samræmi. Hið guðlega væri í augum Nýalssinna hið góða sem bætir allt og fegrar, en hið illa gæti í okkar augum aldrei verið guðlegt. Í trúarbrögðum væri hins vegar kennt um guð sem ýmist launar eða refsar, en slíkur guð væri ósamrýmanlegur kenningu Nýals.

Porsteinn Guðjónsson sagði að guðshugmynd Nýals væri á hærra stigi en nokkur sem áður hefði þekkst, tengd vitneskjunni um óendenleika alheimsins en ósamrýmanleg hinum fornu hugmyndum um eirkúlu yfir jörðinni og einstæði mannkynsins í alheimi.

Helgi Guðlaugsson hafði í einni svarræðu sinni bent á skaðsemi ónauðsynlegs dýradráps, sem nú færí mjög í vöxt á landi hér, og lagði til að menn sýndu andúð sína á slíku athæfi. Petta umræðu-

efni kom síðar fram að nýju, og komu þá fram athugasemdir af hendi fundarmanna. Var talað um veiðar sem hluta af sjálfsbjargarviðleitni mannsins, og að veiðihvöt hans hlyti alltaf að vera til staðar. Pessu svaraði Þorsteinn Guðjónsson þannig að andstaða Nýalssinna gegn ónauðsynlegu dýradrápi beindist ekki gegn þeim sem slíks hefðu þurft með sér til lífsframfærис, eins og málum hefur verið hátt að hér, en Nýalssinnar hefðu stærra mark fyrir augum en flestir gerðu sér grein fyrir. Þegar keppt væri að því marki yrðu menn einnig að snúast gegn illri meðferð á dýrum, sem færst hefði mjög í vöxt hér á síðustu árum.

Spurt var hvort Nýalssinnar „tryðu á“ orsök og afleiðingu, og var því játað.

Spurt var (Pórhallur Sigmundsson), hvenær helstefna mundi hafa hafist á jörðu hér. Ingvar Agnarsson sagði að þessu væri dálítið erfitt að svara, en taldi að slíkt hefði gerst að nokkru tiltölulega snemma í sögu lífsins. Fyrstu fjölfurmungarnir fóru fljótlega að næraст á því sem voru líkamir annara lífvera, og voru þar fyrstu drög andstillingarinnar, sem farið hefur vaxandi eftir því sem ofar hefur dregið í lífsþróuninni. Frá öðrum stjörnum hafa hingað jafnan beinst áhrif frá lífi sem var ýmist mjög langt komið í góðu eða mjög langt í illu, og hafa þessar stefnur báðar reynt að færa lífið hér í átt til sín. Lífstefnan reynir að göfga líf og efla, helstefnan reynir að draga það til dauða og kvala. Með tilkomu kenningar Nýals á maðurinn kost á því að átta sig á þessari baráttu og velja hvorn kostinn hann tekur.

Pegar hér var komið umræðum var komið fram yfir miðnætti, og voru þó enn eftir um 50 manns í salnum eða helmingur allra fundargesta.

Að síðustu gaf fundarstjóri, Guðmundur Sigurðsson formanni félagsins orðið og þakkaði hann fundargestum komuna og sagði fundinum slitið í nafni Félags Nýalssinna.

Þorsteinn Guðjónsson.

Þjóðhátíðarferð

**Félags Nýalssinna um Borgarfjörð og Snæfellsnes 1974
— Eftirmáli**

Í maímánuði síðast liðnum var ákveðið að efna til sérstakrar Þjóðhátíðarferðar á vegum Félags Nýalssinna í tilefni 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar.

Á þann hátt vildi F.N. taka þátt í hinum almennu hátíðahöldum þjóðarinnar og leggja fram sinn skerf til þeirra, alveg eins og fjölmörg önnur félög og einstaklingar um land allt.

Með þjóðhátíðinni er verið að minnast þess, er forfeður okkar námu hér land endur fyrir löngu, og það er verið að votta þeim og niðjum þeirra virðingu og aðdáun og þær hlýju tilfinningar sem búa í brjóstum okkar nú, til manna, sem þrátt fyrir óskaplegar hörmungar tókst að viðhalda lífi þjóðarinnar.

Það er verið að minnast þess, að við, sem lifum nú við einhver þau bestu lífskjör, sem fyrirfinnast á hnettinum, erum afkomendur manna, sem þurftu langtínum saman að lifa við einhver þau verstu lífskjör, sem fyrirfinnast.

En það er einnig með örðrum og fágætari skilningi, sem nýals-sinninn tekur þátt í hátíðinni. Nýalssinninn minnist eigi einungis landnámsins og hetjudáða forfeðranna, heldur einnig þess, að með þeim hafði framsókn ákveðinnar guðlegrar viðleitni að lokum náð til þess staðar, sem forlögin höfðu fyrirheitið.

Það verður hér á landi, Íslandi, sem hinu mikla takmarki hinnar guðlegu tilraunar verður náð, en það er sigur lífstefnunnar hér á jörð.

Séð út frá nýölskum skilningi, varð með þjóðhátíðinni hið ákjós-anlegasta tækifæri upp runnið til þess að taka undir með guðnum og þokast skrefi nær takmarkinu. Vegna þjóðhátíðarinnar mátti búast við meiri samstillingu til góðs meðal fólksins í landinu en oftast áður, en aukin samstilling manna á meðal er einmitt frumskilyrði þess, að árangur náist af sambandstilraunum við hinum æðri lífheildir.

Það var með þessu hugarfari, sem til þessarar ferðar var stofnæð, og það var með þessu hugarfari, sem vonast var til að Nýals-sinnar tækju þátt í ferðinni.

En það verður að segja hverja sögu eins og hún er, og þessi ferðasaga hefur, eins og flestar aðrar, bæði sínar dökku og sínar björtru hliðar, og ég kýs að skýra fyrst frá dökku hliðunum. Þar er einkum þrennt að nefna, og er það allt í sambandi við þáttöku í ferðinni, en ekki við ferðina sjálfa.

Í fyrsta lagi var alltof dræm þáttaka, í öðru lagi var alltof mikil óákveðni hjá þeim, sem hug höfðu á þáttöku, og í þriðja lagi var of mikið um breytingartillögur, of mikill hringlandi, hjá þeim sem endanlega tóku þátt í ferðinni, eftir að lagt var af stað. Aðalgallarnir við ferðina, þegar á heildina er litið, voru of dræm þáttaka miðað við það, sem vel hefði mátt búast við, og svo of lausleg skipulagning.

Ég sé mig tilneyddan að fara nokkrum nánari orðum um þessa leiðinlegu þætti málsins.

Það mun hafa verið í júníþyrjun, sem tillaga um þjóðhátíðarferð var lögð fyrir félagsfund, og einnig var sent bréf til allra félagsmanna F.N. og höfðu menn um mánaðarfrest til að tilkynna þáttöku. Það þarf ekki að orðlengja það, að fyrir tilskilinn tíma höfðu aðeins örfáar þáttökutilkynningar borist, og var ljóst af hinni dræmu þáttöku, að ekki yrði um neina þjóðhátíðarför að ræða, heldur háðungarför, ef farin yrði. Og ég segi alveg eins og er, að ef ekki hefði verið fyrir eindregin hvatningarárð þriggja félagsmanna, hefði ég steinhætt við að reyna meir við mál þetta. En með seiglunni hefst það, og svo fór sem vinur minn Helgi Guðlaugs hafði spáð fyrir, að þegar menn sæju að leggja ætti upp í ferðina hvað sem tautaði, þá fór að bætast í hópinn, þar til komnir voru um 30 manns, en ég hafði hugsað mér sem lágmark til að tæki því að fara, svona um 20—30 manns. Verð ég að segja, að úr rættist framar vonum miðað við byrjunina.

En við verðum samt að gera okkur ljóst, að cf unnt á að vera að skipuleggja svona ferðalag svo vel fari, þá verður endanleg tala þáttakenda og samþykkt ferðaáætlun að liggja fyrir á tilskildum tíma, til þess að unnt sé að ákveða stærð og fjölda bifreiða, til þess að unnt sé að gera ráðstafanir varðandi vefnpláss úti á landi, og til þess að unnt sé að ákveða þáttökugjaldið. Petta er auðvitað auðskilið mál og þarf ekki að eyða fleiri orðum að því.

Varðandi það að tilkynna þáttöku sína í væntanlegt ferðalag

með mánaðar fyrirvara eða meir, vil ég aðeins minna á þá staðreynd, að fjöldinn allur af fólkri telur sig geta ákveðið og gert endanlega pöntun á fari til útlanda, t.d. til Spánar eða Mallorca, með löngum fyrirvara og er þá ekkert að gera sér rellu út af vinnu eða öðru, og hvers vegna skyldu menn þá ekki geta ákveðið að fara í nokkurra daga ferðalag um Ísland, með löngum fyrirvara? Aðalatriðið er, að menn séu ákveðnir, segi annað hvort af eða á og standi svo við það, sé þess nokkur kostur.

Um hringlandahátt og skipulagsleysi er það að segja, að eftir þessa ferð er mér alveg ljóst, að óhjákvæmilegt er að hafa farastjóra, einn eða two, sem skipuleggja ferðina (það var nú reyndar reynt) og sem gerðum mönnum ljóst, að við fyrirframgerða ferða-áætlun verður að standa, eftir því sem tök eru á, en ekki að hlaupa eftir dyntum eins eða annars. Ég vona og veit reyndar, að reynslan af þessari ferð á eftir að koma til góða í næstu ferð og ferðum.

Og nú sný ég mér að björtru hliðunum, og þar er eins einkum þrennt, sem ég vil nefna.

Í fyrsta lagi alveg frábærlega gott og fagurt veður, í öðru lagi fegurð landsins og áhrif þess og í þriðja lagi samstillingu ferða-langanna.

Ég hefi fjórum sinnum tekið þátt í ferðum, sem Nýalssinnar hafa stofnað til og í öll skiptin var veðrið mjög gott, en þó ekki eins framúrskarandi eins og nú í Pjóðhátíðarferðinni, og var það skemmtilega við hæfi. Ég get eigi stillt mig um að geta þess, svona til íhugunar, að einn ágætur félagi okkar sagði ekki alls fyrir löngu, að hann hefði oft hugsað um það, hvort guðirnir gætu ef til vill frekar haft áhrif á veðurfarið, þegar sambandsskilyrði væru hagstæð, heldur en mannlífið og lífið yfirleitt á hnerti eins og okkar, þar sem lífið er svo ósamstillt og mætti nú hugsa sér ýmislegt í þessu sambandi. En hvað um það, þá var veðrið í þessari ferð okkar svo gott, að það mun lengi í minnum haft. Hvar og hvenær sem var, var hægt að fara úr bílnum og setjast eða leggjast út í guðs græna náttúruna til að hvílast, snæða eða bregða á leik, til þess að tjalda eða spjalla og jafnvel til þess að halda sambandsfund, þótt efst væri uppi á háum hól.

Það er ekki hægt að segja annað en að landið hafi skartað sínu fegursta allan tímann og það hafði líka mikil áhrif á okkur ferða-langana, því að eins og allir vita, sem ferðalög stunda hér um land, þá er mikið undir veðráttunni komið, hvort ánægjulega tekst til.

Mér er sérstaklega minnisstætt ákveðið atvik, sem gerðist í

byrjun ferðarinnar. Við vorum komin að hinum helga stað Þingvelli, og þar hafði verið ákveðið, að formaður F.N. héldi erindi þarna úti undir berum himni. Og eftir að fólkvið hafði gengið um grundir og virt fyrir sér fagurt útsýnið ofan af hamrabeltunum, safnaðist það saman í einni „... grösúðri hlíð með berjalautum“, og hlýddi á ágætlega gott erindi Ingvars Agnarssonar og það var þá, sem ég stóð þarna og naut veðurblíðunnar og samstillingarinnar, að mér varð litið upp eftir brekkunni og sá þetta allt í einu samhengi, ræðumanninn, sem hélt sitt nýalska erindi á þessum stað á þessum tímamótum og í þessu umhverfi. Hátt uppi gnæfði yfir höfðum okkar hamrabeltið og bar þar saman í einni sjónhending, fólkvið, grösug brekkan, hamarinn og heiðblár himinninn og þá gerði vart við sig sú sérstaka og sterka tilfinning, að þarna á þessari stundu værum við að komast í snertingu við hið mikla örlagavald, sem stjórnar byggingu og stundum falli heilu heimshverfanna. Petta var mikilfenglegt augnablik fyrir mig sem einstakling, hvað sem öðru leið.

Mörg fleiri atvik og fleiri stundir skammar og langar eru minnisstæðar úr ferðinni og er eiginlega of langt mál að fara að telja það allt upp hér, en réttast er að taka það fram nú, að öll ferðin, áhrif hennar og eftiráhrif voru með þeim hætti, að ég fagna því innilega og af heilum huga. Ég segi, megi fleiri slíkar ferðir vera farnar á vegum Nýalssinna.

Það voru gerðar þrjár sambandstilraunir í ferðinni. Tvær á Úlfsstöðum og ein á Snæfellsnesinu nálægt þeim stað, sem hin frægu Fróðárundur munu hafa átt sér stað forðum daga, og var sá fundur haldinn upp á háum hól að kvöldlagi undir heiðum himni.

Allir tókust þessir fundir ágætlega og var hver þeirra fyrir sig í meir en meðallagi að styrkleika og skýrleik. Samt vil ég taka það fram, en það er aðeins mitt eigið álit, að þetta, að vera saman allan daginn, snæða saman, ræða saman og njóta alls í sameinginlegri gleði, fannst mér skipta miklu meira máli, heldur en sambandsfundirnir einir út af fyrir sig, enda vil ég halda því fram, að það sé einmitt sambandstilraun í betra lagi að takast sameiginlega á hendur eitthvert verkefni, sem marga þarf til að leysa. Að sitja saman á ákveðnum stað, haldast í hendur og reyna að samstillast, finnst mér svo vera eins og tilraun til að safna saman á einn stað áhrifunum af undangengnu sameiginlegu átaki.

Jæja, ég ætla nú að fara að stytta mál mitt, en eins og þið hafið

heyrt fram að þessu, þá hef ég ekki rakið ferðasöguna í smáatriðum eða skýrt frá jarðfræðilegum eða sögufrægum stöðum, heldur hef ég leitast við að segja frá þeim *ábrisum*, sem ferðin hafði a.m.k. á mig og að mínum dómi þá er tilgangi ferðar, sem þessarar náð, ef fólkvið hefur haft af henni sameiginlega gleði og fundið samstillinguaráhrif.

Ég ætla svo að lokum að telja upp örfá atriði, sem eigi mega verða ósögð, en þar er að nefna frábærar móttökur, sem ferðafólkvið fékk hjá þeim hjónum á Úlfss töðum, og skorti þar ekkert á fornan höfðingsskap, og eins nutum við mikillar gestrisni á heimili þeirra hjóna Sveins Víkings og konu hans. Þá fengum við góða leiðsögn Sigurðar Brandssonar frá Ólafsvík, en hann ók með okkur hrингinn í kringum Snæfellsjökul og sagði fróðlega frá því, sem fyrir augum bar.

Eins og áður sagði flutti formaður Ingvar Agnarsson erindi á Þingvelli og Þorsteinn Guðjónsson flutti skemmtilegt erindi, einnig undir heiðum himni þar sem heitir Langihryggur, en það er þar sem häst ber veginn yfir Kaldadal, áður en lagt er ofan dalinn og niður að Húsafelli.

Óg svo er að segja frá því, að enda þótt nokkuð hefði á skort um góða samstillingu í upphafi ferðarinnar, þá fór hún dagvaxandi og svo var komið síðasta daginn, að allir hefðu fegnir viljað halda áfram lengur. Eins er skemmtilegt að geta skýrt frá því, að ég frétti hjá eiganda hópferðabílsins ummæli bílstjórans okkar, sem okkur líkaði mæta vel við, að hann hefði ekki svo hann mundi eftir flutt jafn ágætt fólk, eins og þessa Nýalssinna.

Að endingu vil ég segja, að þessi Þjóðhátíðarför Félags Nýalssinna tókst vel og framar öllum vonum miðað við byrjunarörðugleika þá, sem við var að glíma, og sýnir þetta svo um munar, að eigi er happadrjúgt að láta deigan síga en happasælt að hvika hvergi.

Og vil ég hér með skora á alla Nýalssinna að hopa hvergi, þótt í móti blási, en sýna dirfsku og einurð í baráttunni fyrir málstaðnum.

Pað riður á að láta eigi hrekja sig af þeirri braut, sem Nýall hefir beint manni inn á.

Kjartan Norðdahl.

Húsafellsför

Félags Nýalssinna

20.—22. sept. 1974.

Í ágústmánuði í sumar bauð Kristleifur Þorsteinsson á Húsa-felli Félagi Nýalssinna ókeypis afnot af nokkrum sumarhúsum í Húsa-fellsskógi yfir eina helgi í septembermánuði. Mátti senda allt að 30 manna hóp og skyldi þetta verða dagana 20.—22. september. Barst félagini þetta rausnarlega boð þegar Nýalssinnar í þjóð-hátiðarför til Snæfellsness, hittu Kristleif á hlaðinu á Húsa-felli, ný-komnir ofan af Kaldadal á leið til Úlfstaða. Petta ágæta dvalar-boð var síðan tilkynnt á tveim næstu félagsfundum (7. ágúst og 4. september) og áskriftarlisti fyrir væntanlega þátttakendur var látt inn liggja frammi í Stöðinni frá 7. ágúst og allt til brottfarardags. Fljótlega höfðu um 20 manns skrifað sig á listann. Nokkrir þeirra gengu þó úr skraftinu smátt og smátt eftir því sem nær dró farardegi, en nýir fylltu jafnharðan í skörðin og þó heldur betur, því þegar lagt var af stað voru þátttakendur 24, nítján fullorðnir og fimm börn og unglingar. Flestir voru úr Reykjavík og Reykjanes-umdæmi en tveir úr Árnessýslu. Langflestir fóru í einkabílum en þó fáeinir í áætlunar bíl. Ekki var um almennt samflot einkabifreiða að ræða, en flestir lögðu þó af stað á tímabilinu klukkan sex til hálf átta að kvöldi föstudags 20. sept.

Aldimmt var orðið er komið var á áfangastað og var ekki laust við að sumir lento í nokkrum villum í skóginum áður en þeir fyndu dvalarstað þann er þeim var fyrirbúinn. En Kristleifur leysti þó fljótlega úr þeim vanda með því að fara á undan hinum villuráfandi eins og eldstólpi í ljósnum skrýddri bifreið sinni um krókóttar skógargötturnar.

Upphaflega var gert ráð fyrir að við fengjum 3 hús til umráða, þar af eitt talsvert stórt með gríðarstórri stofu, sem bæði mátti nota sem svefnstað og samkomusal, auk svefnherbergis, eldhúss og salernis, — og svo tvö minni hús til næturgingistar og matreiðslu. En þegar til kom bauðst okkur miklu meira húsnæði. Feng-

um við 5 hús til afnota og stóðu þó jafnvel enn fleiri til boða ef þeirra hefði verið nokkur þörf. Veður var gott þennan dag, alveg burrt og sólskin öðru hvoru, en fremur andkalt. Klukkan mun hafa verið farin að nálgast ellefu þegar hínir síðustu komu á staðinn og var því ekki tími til annars það kvöldið en að koma sér fyrir í næturstað. Þó var ákvæðið á skyndifundi af sjálfskipuðu öldungaráði að boðað skyldi til almennrar samkomu í „stóra salnum“ kl. 3 e.h. næsta dag, en þangað til skyldi hver leika og láta eins og honum sýndist. Næsta morgun var veður enn hið ágætasta. Nokkrir fóru í gönguferðir um nágrennið, margir léku listir sínar í ágætri sundlaug sem þarna er á staðnum, öllum dvalargestum heimil til afnota, enn aðrir gættu bús og barna eða matreiddu.

Klukkan 3 hófst svo almennur umræðu- og kynningarfundur í samkomuhúsinu. Fyrst las Þorsteinn Guðjónsson ávarp frá formanni félagsins, Ingvari Agnarssyni, en formaður hafði því miður ekki getað tekið þátt í förinni. Minntist Ingvar í ávarpi sínu á þjóðarhlutverk Íslendinga og tilganginn með landnáminu. Landnámsmenn fóru hingað, sagði hann, til þess að bjarga þeim neista skilnings á lífsambandi við fullkomnari vini á öðrum hnöttum, sem að fullu slokknaði út annars staðar í Norðurálfu á næstu öldum, en á Íslandi tókst að varðveita hann, þrátt fyrir margra alda áþján og niðurlægingu, þar til aftur birti upp og vitsnillingurinn Helgi Pjeturss færði mannkyninu hina náttúrufræðilegu uppgötvun sína um lífið í alheimi og lífsambandið milli stjarnanna. Þessi uppgötvun mun, ef þegin verður, valda aldaskiptum. Þá mun sá neisti sem hínir fornu Íslendingar björguðu og niðjar þeirra varðveittu, verða að slíku báli að lýsa mun öllu mannkyni. Það er þjóðarhlutverk Íslendinga að leiða mannkyn þessarar jarðar á lífstefnuleið, og það er hlutverk okkar Nýalssinna að koma Íslendingum í skilning um þetta mikilvæga forustuhlutverk sitt. Ingvar lauk ávarpi sínu með þessum orðum:

„Þessi ferð í Húsafellsskógi er enn einn vottur sameiginlegrar viðleitni í þessa átt. Ég óska ykkur, kæru félagar, ánægjulegrar veru í Húsafellsskógi og ég óska að fór þessi megi verða mál-eftni okkar til framgangs.“

Næst sagði Helgi Guðlaugsson frá nokkrum atvikum úr fór til Færeysja er hann hafði farið í fyrra mánuði. Urðu út frá þeirri frásögn nokkrar umræður um land og sögu þessarar ágætu frændþjóðar.

Þá hófust umræður um málefni félagsins og helstu verkefni

næstu ára. Varð þátttaka í umræðum þessum mjög almenn og bar margt á góma. Ekki voru þó gerðar neinar ályktanir þarna, enda ekki svo til þessarar samkomu boðað að hún væri ályktunarfær. En eigi að síður teljum við sem þarna vorum, að hún hafi verið gagnleg og minna má einnig á það að þar hittust og ræddust við félagsmenn sem sjaldan eða aldrei hafa sést. Minnir þetta okkur enn á það hver nauðsyn er að auka kynningu og samstarf milli félagsmanna hinna ýmsu landshluta, en slíkt gerist ekki hvað síst með sem tíðustum ferðalögum og kynningarfundum í sem flestum hér- uðum landsins. Fundinum lauk á sjötta tímanum.

Eftir kvöldverð var aftur komið saman í „stóra salnum“ og nú til sambandsfundar. Hófst hann kl. hálfniú. Mættir voru flestir ferðalanganna og einnig fjórir félagsmenn frá Úlfsstöðum, þeirra á meðal heiðursfélagi okkar, Þorsteinn Jónsson. Miðlar voru þau Sveinn, Sigríður og Þórdís. Þótti fundurinn takast allvel, komu þar fram margir þeirra sambandsvina okkar sem við höfum haft tíð kynni af á fundum í Sambandsstöðinni, en einnig nokkrir framliðnir Borgfirðingar sem sérstaklega vildu heilsa þeim sveitungum sínum, sem þárra voru staddir. Fundurinn stóð fram til klukkan ellefu. Fundarmenn voru 22. Að loknum fundi voru bornar fram kaffiveitingar fyrir alla sem þiggja vildu. Konur höfðu forgöngu í því málí og voru nær einráðar. Að öðru leyti bar ekki á misrétti milli kynjanna í þessu ferðalagi.

Næsta dag, sunnudag, var aftur boðað til sambandsfundar og hófst hann kl. 11 árdegis. Fundarmenn voru heldur fleiri en kvöldið áður. Úlfsstaðafólkið var að vísu ekki í þetta sinn, en hins vegar nokkrir heimamenn frá Húsafelli og Kalmanstungu. Stóð þessi fundur nokkuð fram yfir kl. eitt og tókst sæmilega. Sambandstal var þó í stirðara lagi framan af, en er á leið komu fram nokkur ættingjasambond við fundargesti úr nágrenninu og voru þau yfirleitt skýr og hressileg.

Fór nú að styttast í dvöl okkar í Húsafellsskógi að þessu sinni. Eftir að fólk hafði snætt hádegisverð og gert hreint í vistarverum sínum, var farið að tygja sig til heimferðar. Klukkan mun hafa verið nálægt 3 á sunnudag þegar hinir síðustu óku úr hlaði. Ekkert bar til tíðinda á heimleið sem frásagna er vert og er þessari sögu því hér með lokið.

Það mun einróma álit þátttakenda að helgardvöl þessi í Húsafellsskógi hafi verið hin ánægjulegasta og ekki án gagns fyrir mál-efni okkar. Öll sendum við Kristleifi á Húsafelli og fjölskyldu hans

kveðjur okkar og alúðarþakkir fyrir höfðinglegt boð. Og öllum hinum borgfirsku gestum á sambandsfundum okkar sendum við bestu kveðjur.

Helgi Guðlaugsson.

UM MIDILSFUNDI Í HÚSAFELLSFÖR

Í fróðlegri og réttorðri frásögn af ferðalagi Nýalssinna í Húsafellskógi, eftir Helga Guðlaugsson, sem lesin var á félagsfundi 2. október, er minnst á sambandsfundi sem haldnir voru þar á staðnum. Pykir H.G. sem fyrri fundurinn hafi betur tekist, og get ég fyrir mitt leyti fallist á það. En hvað síðari fundinn snertir fannst mér hann hafa það framyfir, að utanfélagsfólk sem þann fund sat, virtist mér kunna hann betur að meta en ég hafði átt von á. Sagði Kristleifur (félagsmaður) mér að sér hefði virst — og þá væntanlega öðrum sem til þekktu — að hinir framlíðnu kæmu þarna í gegn með sínum persónueinkennum, eins og fólk man eftir þeim. Jakob Guðmundsson, lengi húskarl á Húsafelli, var heldur lítið heflaður í orðfæri og framgöngu (án þess þó að reyna að vera það). Pennan mann þóttist Kristleifur þekkja í sambandinu (hjá Sigríði), en ég veit það af reynslu að slíkt talar Kristleifur ekki í fljótfærni. Þorsteinn fyrrum bóndi á Húsafelli kom fram í gegnum Svein og flutti stórgáfulega stjarnfræðilega ræðu, en slíks var einmitt af honum að vænta eins og ég kynntist honum, og persónueinkenni komu nokkuð í ljós. Af þessu hvoru tveggja fannst mér að sunnudagsfundurinn hefði tekist nokkuð vel. Það er ekki lítið undir því komið, að utanfélagsfólk, sem sækir sambandsfundi Nýalssinna, fái sambönd, sem því finnst að einhverju leyti sannfærandi eða a.m.k. sennileg. Þá er vel þegar þannig tekst til, og ber að veita því athyglgi og minnast þess.

Þorsteinn Guðjónsson.

Ferðasaga

um þjóðhátíðarför með
Nýalssinnum.
— Sendibréf

Frú Vala.

Nú ætla ég að segja þér ferðasögu. Þann 1. ágúst í sumar fór ég til Reykjavíkur, og var Helgi á Hrafnkelsstöðum með mér, en hann ætlaði að taka þátt í kappræðum við Benedikt frá Hofteigi á Próunarsýningunni í Laugardalshöll. Fór ég að skoða sýninguna um kvöldið. Sá ég þar leikþátt, sem nefndist „Við verksmiðju-póstinn“.

Næsta dag var ég í Reykjavík, en þann 3. ágúst fór ég í ferðalag með Félagi Nýalssinna, og var lagt af stað frá Bólstaðarhlíð 64 kl. 11 í góðu veðri, og voru þátttakendur á ýmsum aldri, sá yngsti var tveggja ára.

Var fyrst farið til Pingvalla og stansað þar. Fórum við upp á pallinn, þar sem þingfundurinn var haldinn á þjóðhátíðinni, og einn settist í fundarstólinn til þess að finna áhrifin frá dr. Gylfa. Svo settumst við í brekkuna þar hjá og Ingvar Agnarsson flutti erindi. Síðan var farið heim að Valhöll og svo austur að Vatnsvík og þar tekið upp nesti.

Par næst var lagt af stað norður Kaldadal, og var stansað á hæð einni, þar sem margar vörður eru og vegurinn er hæstur á þessum fjallvegi. Par flutti Þorsteinn Guðjónsson erindi, en Kjartan Norðdahl fór í snjókast við dætur sínar.

Enn var farið inn í bílinn og haldið áfram að Húsafelli og stansað þar smávegis og síðan haldið að Hraunfossum og þeir skoðaðir, og svo var farið áfram að Úlfssstöðum í Hálsasveit, og var kl. þá 7 um kvöldið. Par fengum við kvöldmat, kjöt og alls konar grænmeti.

Kl. hálftíu hófst tilraunafundur í húsi Sveins Víkings á Úlfssstöðum. Þrír miðlar, Sveinn, Sigríður og Pórdís leyfðu framliðnum mönnum að tala í gegnum sig. Fyrstur kom Snorri Sturluson, sem sagði, að Íslandssagan væri ekki rétt skrifuð. Aðrir, sem fram komu, voru Helgi Pjeturss, Kjarval, Jónas Steinsson (mágur Þorsteins á Úlfssstöðum), Þorleifur úr Görðum og Grettir Ásmundsson. Hann

gekk um gólfíð í gervi Pórdísar, tók í höndina á Þorsteini á Úlfsstöðum og sagði, að hann ætti ekki langt eftir í þessum heimi, „en ég mun taka á móti þér, þegar þú kemur til okkar, því að við þurfum á starfskröftum þínnum að halda.“ Svo sýndi Grettir krafta sína með því að fara í sjómann við 16 ára strák. Níels Dungal læknir kom líka fram og virtist hann enn stunda lækningar, því að menn máttu nefna sjúklinga, sem hann sagðist myndi líta til eða senda kraft.

Pegar fundinum lauk var kl. að ganga 12 og fóru menn að búast til svefns. Sumir bjuggu um sig í tjöldum en aðrir fengu að liggja í svefnþokum í húsum á Úlfsstöðum.

Þann 4. ágúst var lagt af stað frá Úlfsstöðum um kl. 10 og haldið vestur að Borg á Mýrum. Þar sýndi séra Leó okkur kirkjugarðinn og kirkjuna. Svo var haldið norður að Dalsmynni í Eyjahreppi og þar tekið upp nesti. Síðan var haldið vestur að Búðum á Snæfellsnesi. Þar var köttur, sem krökkunum þótti gaman að skoða. Svo var farið norður Fróðárheidi til Ólafsvíkur.

Urðu nú nokkrar vangaveltur um, hvað gera skyldi, en sumir tóku farangur sinn og báru inn í skólann í Ólafsvík, þar sem þeir fengu gistingu, en sumir vildu heldur tjalda og reistu þeir tjöld sín vestan við Fróðá.

Var þá fagurt veður og var ákveðið að halda sambandsfund og settust menn niður hjá fornu túngarðsbroti. Síðan tóku menn að syngja til þess að miðlarnir fengju samband, en hópur hrafna gargaði ákaft þar skammt frá. Svo tók fornmaður að tala gegnum Sigriði og mátti skilja, að hann hefði búið þar í nágrenninu. Var hann spurður, hvort fuglasöngurinn hefði auðveldað sambandið. Hann sagði, að þeir hefðu magnað hrafnana til samstillingu, enda hefði ekki veitt af. Hann var spurður, hvort skógur hefði vaxið á þessum stað til forna. „Eigi var landið berskjálðað“, sagði hann, „en þó óx skógur ekki alls staðar“.

Svo kom þarna líka fram strákur, sem sagðist hafa verið skáld en dáið ungur. Svo sagði miðillinn einu sinni: „Júlli, hestamaður frá Hvítárnesi“, og var líklega átt við gamlan mann, sem er orðinn lasburða, og áttum við sennilega að senda honum hlýjar hugsanir.

Eftir fundinn gekk ég um nágrennið og skoðaði gamlar bæjar-rústir. Fann ég þá stóran stein með meitlaðri holu í, og datt mér í hug, að þetta væri gamall hestasteinn. Fleira gerðist ekki markvert þennan dag, en ég var í skólanum um nóttina og var vel heitt þar inni.

Pann 5. ágúst var lagt af stað frá Ólafsvík um kl. 10, og kom þá í bílinn Sigurður Brandsson, og var hann ágætur leiðsögumaður. Var nú haldið til baka suður Fróðárheiði og stansað í Arnarstapa. Var farið niður á bryggju og þar flutti Sigurður erindi um staðinn og nágrennið. Þarna mátti sjá fallega fjörukletta. Svo var farið vestur að Hellnum. Pra sáum við kirkju, og þar var fyrir tveim oldum prestur að nafni Ásgrímur Vigfússon, og var hann frægur fyrir ýmsar tiltektir. Í kirkjuhurðinni var hringur, sem hann hafði smíðað. Svo fórum við niður í fjöru að skoða hellana. Þar var mikið af fuglum og þar óx sæhvönn. Á fjörusteinunum var mikið af skelfiski, og var rætt um að tína skelfisk í kvöldmatinn.

Enn var haldið í vestur og við veginn sáum við stóra grjótdys, og fylgir henni saga. Þar skammt frá er bær, sem heitir Öxl. Fyrir mörgum oldum bjó þar maður, Björn að nafni. Hann hafði þann leiða síð að taka ferðamenn, sem gisti hjá honum og drepa þá, en líkunum kastaði hann svo í tjörn þar skammt frá. Þegar þetta komst upp, var Björn dæmdur til dauða og tekinn af lífi. Líkinu var síðan skipt í fjóra hluta og var hver hluti urðaður sér, svo að Björn gengi síður aftur.

Svo sáum við Bárðarlaug, þar sem sagan segir, að Bárður Snæfellsás hafi baðað sig. Þar er gígur með tjörn í botninum, og langaði einn til að stynda í henni, en af því varð þó ekki.

Síðan fórum við að Djúpalóni. Þar eru tveir hraunbollar með fersku vatni niður við fjöru, og drakk ég vatn úr öðrum þeirra og tíndi nokkra smásteina til minja. Svo fórum við áfram kringum jökulinn og til Ólafsvíkur aftur og komum þangað kl. 5, og síðan var haldið inn í Grundarfjörð og þar stansað og tekið upp nesti. Þar var lítil á og fór ég úr sokkunum og óð hana fjórum sinnum. Í Grafarnesi var stansað smávegis og krakkarnir sáu kettling og hvolp, og þótti gaman að skoða þá.

Enn var haldið austur og fórum við yfir brú, þar sem vatnið rann öfugt, inn í landið. Reyndar var þetta fjörður (Hraunfjörður) og var aðfall.

Farinn var gamli vegurinn yfir Berserkjahraun. Þar mátti sjá fallegan mosagróður, en sums staðar var búið að skemma hann með útskurði. Svo var farið suður Kerlingarskarð og haldið áfram með lithium hvíldum að Úlfss töðum og komið þangað um miðnætti.

Daginn eftir kl. 11 var svo haldinn miðilsfundur, og voru þá tveir miðlar, Pórdís og Sveinn.

Gegnum Þórdísi kom stúlka, sem sagðist hafa drukknað árið 1703, og var hún þá 17 ára. Hafði hún farið út á sjóinn á bát frá Rauðasandi (á Vestfjörðum), en fólkið hélt, að hún hefði drepið sig viljandi, „en það var ekki satt, ég er brjáluð“, hrópaði hún, og urðu þá sumar konurnar fyrir mjög sterkum áhrifum. Stúlkan í sambandinu virtist vera á vondum stað og líða illa, en þegar hún fann, að við trúðum frásögn hennar, þá breyttist þetta og hún virtist fara á betri stað og sjá fólk, sem hún þekkti. Hún sagði t.d. „mamma“.

Svo kom strákur í sambandið .Hann sagði frá atburði, sem átti að hafa gerst við Skorradalsvatn fyrir 2 öldum. Tveir strákar voru við vatnið og dettur annar í það, en sá sem segir frá, reynir að bjarga honum með því að ríða út í vatnið og *seilast til hans* af hestinum, en það fór svo illa, að hesturinn varð félaga hans að bana líklega með því að stíga ofan á hann eða valda honum skaða með *skeifunni*. En fólkið á þeim tíma vildi ekki trúua sögunni, hvernig þetta gerðist og taldi að strákur hefði orðið félaga sínum viljandi að bana. Fólkið sagði: „Pú ert morðingi, þú ferð til andskotans.“ „En þetta er ekki satt, ég var ekki morðingi,“ og svo bætti hann við: „hér er svo dimmt, ég sé ekki sólina“.

En við trúðum sögu hans, og þegar hann varð þess áskynja, þá varð breyting á, það varð bjart og hreint í kringum hann, og hann sá fólk, sem hann þekkti og honum leið betur.

Petta var allt mjög áhrifaríkt og var skaði að hafa ekki segulbandstæki til upptöku. Ég held, að þarna hafi raunverulega fengist samband við annan hnött.

Um kl. 2 var lagt af stað til Reykjavíkur. Var farið vestur fyrir Hafnarfjall og stansað í Botnsskála. Þar sáum við Morgunblaðið með spádómi eftir Dixon: „Ég spái því, að eithvað muni koma öllum heiminum mjög á óvart um eða fyrir 1983, við munum komast í öruggt og óumdeilanlegt samband við líf á öðrum hnöttum.“

Til Reykjavíkur komum við kl. 6, og hélt ég svo austur seinna um kvöldið. Mér fannst skemmtilegt að vera með þessu fólk. Það er félagslynt og auðvelt að kynnast því. Aðeins fáa af þessum mönnum hafði ég hitt áður, en nú finnst mér, að ég hafi þekkt þetta fólk lengi. Þar með lýkur þessari frásögn.

Með bestu kveðju.

Guðmundur Jónsson,
Kópsvatni, Hrunamannahreppi, 29. 9. 1974.

Spurningar og svör

Maður að nafni Arthúr Bogason, búsettur á Akureyri, hefur skrifaað Ingvari Agnarssyni bréf, en hann hefur aftur sýnt mér, og datt mér þá í hug, að auk þess að vera mjög vert að svara því, er bréfið einnig vel til þess fallið að birta það, með þeim spurningum sem það hefur að geyma, og beint er til Nýalssinna. Mun ég gera tilraun til að svara þessum spurningum, en fyrst kemur hér sá kafli bréfsins, sem telja má mesta ástæðu til að birta:

Porsteinn Guðjónsson.

Frá því ég heyrði um stofnun félags ykkar, hef ég haft áhuga á því að skrifa einhverjum ykkar og spryja nokkurra spurninga, sem leita oft upp í hugann, og gaman væri að fá einhver svör við. Við erum nýverið búnir að stofna félagið H.I.R.Ó.N. (Hið íslenska rannsóknarfélag óþekktra náttúrufyrirbæra), eins og þú hefur væntanlega heyrt um.

Mig langar til að setja hér fram spurningarnar í formi smá lista.

Ég hef lauslega kynnt mér kennningar dr. Helga Pjeturss, og finnst þær mjög athyglisverðar. Að vísu er Helgi ekki sá fyrsti sem gerir þessa uppgötvun, en hann er sá fyrsti sem setur hana fram í jafn skipulegu formi.

SPURNINGAR:

1. Einskorðið þið Nýalssinnar ykkur við rit dr. Helga Pjeturss, eða viðurkennið þið fleiri greinar dulrænna fræða?
2. Hvaða augum lítið þið á Yoga, hlutskyggni, hugsanaflutning, friðhræringar, og annað slíkt?
3. Stunda meðlimir félagsins Yoga?
4. Álítið þið alla drauma vera beint samband við vakandi veru? Þá hvers vegna?

5. Nú dreymdi mig eitt sinn mjög skýran draum. — Ég var staddur í umhverfi sem ég hef aldrei komið í, og taldi mig vera með mér mjög nákomnu fólk, sem við nánari athugun var ekki það fólk sem ég taldi það vera, en einn hlutur var stór þáttur af draumnum, sem mét er mjög kær, og ekki um neinn annan hlut að ræða að ég tel, eftir nána íhugun og athuganir á hlutnum. Hvernig getur það átt sér stað?
6. (Í sambandi við 5) Teljið þið drauma ekki geta átt sér þær orsakir að maður komist í samband við liðna atburði viss manns? T.d. að draumgjafi liggji vakandi og hugsi liðna atburði?
7. Getur maður stjórnað að einhverju leyti við hvern maður nær sambandi áður en maður leggst til svefns?
8. Getur maður ráðið gerðum draumgjafans? (s.b. meðvitaðir draumar).

Ég vil ekki hafa spurningarnar fleiri í þetta sinn, en vonast eftir því að fá svar fljótlega.

Virðingarfyllst,

Arthúr Bogason.

SVÖR:

1. Einn af mestu kostum kenningar Nýals er sá, að hún hvetur mann til að bæta altaf við sig, örvar til umhugsunar um hin ýmsu fyrirbrigði og hinar ýmsu kenningar. Á þetta jafnt við um vísinda greinar, um dulrænar kenningar og um trúarbrögð. Öll þessi svíð mannlegrar hugsunar og viðleitni verða stórum áhugaverðari en áður þegar þau eru skoðuð út frá skilningi Nýals. Margir Nýals-sinnar hafa lagt sig tölувert eftir lestri dulrænna bóka af ýmsu tagi, en vissulega leggja þeir oft annan skilning í það sem þar kemur fram, en þeir sem lesa þær án þess að þekkja Nýal.

Nýalssinnar hafa meðal annars fylgst náið með framgangi og þróun hinnar erlendu fyrirburðafræði (parapsychology) sem stórlægla hefur unnið á í álti og viðurkenningu á síðari árum. Rannsóknar- og athuganahreyfingu þeirri sem kennd er við „fljúgandi disk“ hafa Nýalssinnar einnig fylgst með um árabil, og leitast við að gera sér grein fyrir hvað þar væri um að ræða. Af þessu má sjá að því fer fjarri að Nýalssinnar einskorði sig við það eitt sem í

Nýal er ritað, enda getur hver maður séð að slíkt væri ekki í samræmi við hina nýólsku hugsun.

2. Hugsanaflutning mun mega telja almennt fyrirbæri, sem sjálf-sagt er að viðurkenna og fráleitt að bera brigður á. Það er upphaf á réttu sambandi milli mannfólksins, og þegar viðurkenning á því verður skýlaus, og engri þvingun háð, eru miklir möguleikar til þess fyrir mannfélagið að komast á lífstefnuleið. „Hlutskyggni“ er sérstakur miðilshæfileiki, sem margt mætti rita um, en hér skal aðeins bent á það, að við lítuum svo á, að samband miðilsins við aðri vitund sé hér aðalatriðið.

„Firðhræringar“, „hlutaflutningar“ eru í okkar augum mjög merkilegt fyrirbæri, og vitnisburður um raunveruleik þeirra orku sem við höldum fram sem ákveðinni eðlisfræðilegri staðreynd (svefnmagnan o.fl.). Yoga nefndi dr. H.P. „sérstaka magnanaraðferð“, en hvergi hef ég séð neitt það eftir hann sem beri þess vott hvort hann mælir með henni eða móti. Almennum líkamsæfingum mælti hann hins vegar með og stundaði þær mjög.

3. Ýmsir Nýalssinnar hygg ég hafi lagt einhverja stund á yoga, en hvort nokkrir þeirra hafa orðið framúrskarandi í þeirri grein veit ég ekki.

4. Hiklaust tel ég svo vera, (að allir draumar séu sambandseðlis), og er það í fyrsta lagi af því, að svefninn sýnir sig að vera mögnunarástand, ástand til viðtöku orku frá einhverri annarlegrí uppsprettu, og eftir því sem mér hefur betur lærst að athuga drauma mína, og bera saman við draumsögur annarra, því betur þykja mér bera saman þeirri magnan sem svefninn er og því sambandi sem draumarnir bera vott um.

5. Pennan draum Arþúrs Bogasonar, sem hann segir hafa verið mjög skýran — og það rengi ég hreint ekki — tel ég hafa verið á hinum efri mörkum skýrra og óskýrra drauma. Hann „taldi sig fyrst vera með sér mjög nákomnu fólk, sem við nánari athugun var ekki það fólk sem hann taldi það vera“. Parna er einmitt mjög fróðlegt dæmi um það hvernig raknar úr rangþýðingu, þegar draumurinn skýrist. Manninum verður ljóst að hann er að horfa á sér óþekkta staði, hluti eða fólk, en oft er inngangurinn að þessu einmitt sá, að dreymandanum sýnist þetta vera eitthvað sér kunnugt. Hef ég veitt því athygli í slíkum draumum, að þá hefur mér stund-

um orðið eins og bjartara fyrir sjónum, og það jafnvel svo að „sólarbirtan eilfs lífs“ hefur náð þar að verða að fullri birtu í meðvitundinni. — En það er nú orðið langt síðan, slíkt hefur borið fyrir mig. — En um „hlutinn“ sem Arthúr varð svo hugstæður og honum fannst endilega hafa verið hlutur sem hann þekkir úr vöku, eða það að segja; að á þessu svíði hefur draumurinn ekki orðið nægilega skýr, aldrei raknað úr rangþýðinguanni. Og vakni maður með slíka rangþýðingu í huganum leiðréttist hún ekki eftir það, á annan hátt en þann að maður skilji að um rangþýðingu var að ræða. Það er endurminningin sem draumurinn snerti sem maður þá man, ekki hinn draumskynjaði hlutur, sem vakti þá endurminningu. Ég skal geta þess að ég á einmitt mjög líkt dæmi úr draumreynslu minni, þó að ég fari ekki að rekja það hér.

6. Þetta er ágæt spurning, og mjög þýðingarmikil í sambandi við kenningu Nýals, en þó ætla ég ekki að reyna að svara henni neitt nákvæmlega í þetta sinn. Ég vil þó benda fyrirsprjanda á að athuga það, hugarástand mannsins sem liggar vakandi og hugsar um liðna atburði, er í grundvallaratriði frábrugðið ástandi þess manns sem lifir og reynir þessa atburði í nútíð.

7. Sumt í draumreynslu manna gæti virst benda til þess að svo væri, en þó hygg ég að svo sé ekki í raun og veru. Meðal þess sem bent gæti í þessa átt, eru þau áhrif sem menn verða stundum fyrir af lestri bóka. En þá verður líka að gæta þess að oft er það aðeins dálítill flokkur bóka sem mest er lesinn í landinu, og hinir mörgu aðdáendur magna upp sambönd sem síðan eiga auðveldan aðgang að hugum þeirra sem leggja sig eftir efni bókarinnar. Stilliáhrif eru ákaflega þýðingarmikill þáttur í öllum þessum sambandsáhrifum, þýðingarmikið að kunna að veita þeim athygli, en einnig vandasamt og villugjarnt. Það þarf oft dirfsku í ályktun til að finna réttu stilliáhrifin, sem til greina koma í hverju dæmi, en þar má líka gæta sín að fara ekki framhjá markinu.

8. Þessi spurning er ein hin allra þýðingarmesta sem unnt er að bera fram í sambandi við eðli drauma. Með meðvituðum draumum býst ég við að fyrirsprjandi eigi við það þegar draumvitundin er svo skýr, að manninum finnst eftir á að honum hafi verið ljóst að hann var að dreyma, hafi getað gert sínar athuganir og jafnvel tekið sínar ákvarðanir eða haft áhrif á hegðun draumgjafa síns. Þessari

spurningu er mjög vandsvarað og áríðandi mjög að svarið verði rétt. Í því sem Þorsteinn Jónsson hefur ritað um þetta mál þykir mér það athyglisverðast sem hann bendir á, að *annars æðra sambands* gætir jafnan samhliða hinu beina draumsambandi þegar um slíkt sem þetta er að ræða. Þar er um að ræða áhrif frá hinni guðlegu vitund sem geislar áhrifum sínum „niður“ í meðvitund hinna ófullkomnu. Engu að síður tel ég líklegt að um sjálfaráð áhrif dreymanda á draumgjafann geti verið að ræða þegar þannig hagar til, eða a.m.k. virk áhrif frá honum á huga hins vakandi, á þann hátt að hinn vakandi verði einhvers áskynja um hug þess sem þó er draumþegi hans. Og engan veginn tel ég það skaðlegt að svo verði. Það er einmitt á hinn veginn að ég tel það eintt hið allra eftirsóknarverðasta að draumsamböndin geti hafist á þetta stig.

Þorsteinn Guðjónsson.

UM HVARF HLUTA (Orðsending til lesenda félagsblaðsins)

Margir hafa orðið fyrir þeirri einkennilegu reynslu, að hlutir hafa horfið frá þeim (eða týnst) á óvæntan hátt, og ekki fundist, hvernig sem leitað hefur verið. En svo hafa þessir hlutir stundum komið aftur í leitirnar síðar á jafn óvæntan hátt.

Nú langar mig til að beina þeirri ósk til félagsmanna (og annarra), að þeir sendi mér frásagnir af slíkri reynslu.

Ég hef grun um að slík reynsla sé algengari en almennt er talið, en ekki mun söfnun frásagna af slíkum fyrirburðum hafa farið fram, svo mér sé kunnugt.

Mér þætti einnig fróðlegt, ef væntanlegir sögumenn, vildu geta þess hvernig þeim hafi orðið við, er hlutur hvarf þeim og kom aftur fram, hvaða áhrif þessi atburður hafði á þá á þeirri stundu.

Þetta er ákaflega athyglisvert rannsóknarefni og ég held að ýmsa þessa atburði eða jafnvel flesta megi skýra út frá kenningum Nýals.

Ingvar Agnarsson

Bréf Snæbjarnar Jónssonar

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum skrifar:

Það var sumarið 1972, að mér barst óvænt bréf frá Englandi, dags. 25. júlí. Var bréf þetta frá Snæbirni Jónssyni, fyrrum bóksala, en af honum hafði ég aldrei nein bein kynni haft. Var bréf þetta mjög vinsamlegt í minn garð, og rennur það nú allt í einu upp fyrir mér, hve ómaklegt það er, að ég skuli ekki hafa reynt að geta þessa bréfs varðandi það, sem þar er vikið að dr. Helga Pjeturss. En þótt seint sé, þá geri ég það nú með því að fá hér birt eins og það kemur fyrir:

,Kæri Þorsteinn.

Ég tel víst að þú kannist við mig að nafni, en aldrei átti ég þess kost að kynnast þér öðruvísi en af því, sem ég sá eftir þig á prenti. En hvort sem það var í bundnu eða óbundnu máli, þótti mér það sífellt sérkennast af greind og manndómsbrag. Eflaust er það fremur ótítt að hefja bréf á þennan hátt, en þó að þú sért mér ókunnugur, treysti ég því að þú ætlir mig ekki svo vesalan, að þetta segi ég til að skjalla þig, því að svo er sannarlega ekki, enda mun ég fremur hafa orðstír fyrir að tala á hinn veginn. En þessi skoðun mín á þér veldur því, að ég ómaka þig með þessu bréfi. Eftir þennan formála kem ég að erindinu.

Dr. Helgi Pjeturss vat einn þeirra manna, sem ég hefi einlægast dáð, og aðdáun mín á honum mun hafa vaknað er ég var tíu ára og fékk í hendur hina snilldarlegu ferðasögu hans frá Grænlandi. Síðan held ég ekki að ég hafi vitandi látið neitt það fram hjá mér fara, er hann ritaði á íslensku, og nokkuð las ég eftir hann á erlendum málum. Sjálfum kynntist ég honum ekki fyrr en ég gerðist bóksali og hann varð einn af mínum fyrstu og föstu viðskiptamönnum. Það segir sig sjálft, að ekki voru bókakaup hans í stórum stíl, því að hann var félítill maður, en ánægja míni af viðskiptamönnum fót ekki eftir því, hve mikilð þeir keyptu, heldur miðaðist hún við annað. Rit þau, er hann keypti, voru nær eingöngu um

spíritisk efni. Hann var sá eini, er bað mig að útvega sér franska tímaritið *Revue spirite*, og var hann alla tíð fastur áskrifandi að því, en það leiddi til þess, að ég fór sjálfur að halda það, allt til þess að ég fargaði bókaverslun minni.

Daginn sem dr. Helgi varð hálfáttræður, sendi ég honum þetta skeytti:

Hafa árin engan þunga,
er þú fislétt ber,
glæsimennið ávallt unga?
Ætíð sýnist mér
vorblær hrinda húmi og drunga
hvar helst sem þú fer.
Og sjaldan átti íslensk tunga
ástvin líkan þér.

Ég var þá að fara til Englands, (fór líklega þetta sama kvöld) og kom ekki aftur fyrr en í október. Sagt var um dr. Helga, að hann talaði aldrei við menn úti á götu. Ekki mun það allskostar rétt, því að nokkrum dögum eftir að ég kom heim, mætti ég honum í Austurstræti. Hann vék sér að mér, heilsaði mér og sagðist vilja þakka mér fyrir afmæliskveðjuna, ekki hafa átt kost á því fyrr. „Já, afmæliskveðjan, hún var nú fátækleg“, svaraði ég. „Það var nú það, sem hún ekki var,“ svaraði hann. En nú er best að ég komi að erindinu.

Ekki vanþakka ég það, sem gert hefir verið fyrir hin heimspeki-legu rit þessa fágætlega merka manns, en hitt er mér sár raun, að öðrum ritsmíðum hans hefir, að því ég best veit, enginn sómi verið sýndur og þau látin falla í gleymsku. Því að ekki var það að sýna þeim sóma að gefa út hina svokölluðu ferðabók hans, svo farsmánarlega sem það var gert. Daginn sem ég frétti um útkomu hennar, fór ég inn í bókaverslun um kvöldið, rétt sem verið var að loka, og keypti bókina án þess svo mikið að skoða hana. En þegar ég kom heim og ætlaði að fara að lesa, brá mér í brún . . . Morguninn eftir létt ég það verða mitt fyrsta verk að fara niður í bæ og skila bókinni þar sem ég hafði keypt hana. Þvílik háðung að fara svona með einn mestu ritsnillinga.

Nú er mér spurn: Mundu nokkur tölk á að fá þá menn, sem unna minningu dr. Helga Pjeturss, til að taka saman höndum, safna ritgerðum hans, ekki síst smágreinum, sem oft voru svo ákaflega vekjandi og undantekningarlaust ritaðar af óvenjulegri snilld, og

gefa safnið út með fræðimannlegum hætti, t.d. fyrst og fremst geta þess, hvar hvað eina var áður prentað? Mikils góðs væru þeir menn maklegir, sem þessu vildu koma í framkvæmd. En þetta mundi útheimta mikið starf og yrði að vinnast af mikilli samviskusemi.

Ekki er ég í neinum vafa um það, að samúð þína fær þessi hugmynd mínn. Æn á hinn bóginn er það augljóst, að ekki hefir þú að stöðu til að starfa að útgáfunni, búandi frammi í afdal, fjarri bókasöfnum. Aftur á móti er hugsanlegt að þú hafir sambönd við þá menn, er þarna gætu lagt lið. Hvað um það, ég veit að þú misvirðir ekki að ég hefi ómakað þið. Og í sannleika sagt þekki ég ekki deili á neinum öðrum sem ég gæti snúið mér til með þetta mál.

Og nú er mínu erindi lokið. Adeins á ég eftir að taka það fram, að þú skalt ekki skrifa mér í tilefni af mínu bréfi, því að það væri til einskis, og ég mundi sennilega ekki kvitta fyrir bréfið. Ég er nú á 86. aldursári, mjög þrotinn að sjón og kröftum og get varla átt mikið annað eftir en að fella seglin. Mínu litla dagsverki hlýtur að vera um það leyti lokið. En bréfinu vil ég ekki ljúka svo, að ég ekki þakki þér fyrir þær greinar og þau kvæði, sem ég eftir þig hefi lesið. Án undantekningar hefir það allt veitt mér ánægju.

Með bestu kveðju og óskum. Þinn einlægur,

Snæbjörn Jónsson.

Kveðið á sambandsfundí

Á miðilsfundí að Álfhólsvegi 121, sunnudaginn 13. okt. s.l. kom Skáld-Rósa, meðal annars, í samband og kvaðst vilja koma til fundarmanna einni vísu frá sér. Talaðist þetta hjá Eggert Loftssyni og hann fór síðan með eftifarandi vísu:

*Betra líf sem boðað er
býðst ég til að sanna,
ennþá get ég ornað mér
eld við minninganna.*

Við áramót

Með þess usíðasta hefti ársins er ekki úr vegi að líta til baka yfir farinn veg hins liðna árs og fram á við, yfir þann veg sem við helst óskum að ganga á nýju ári.

Nokkúr athafnasemi hefur einkennt félagsstarf Nýalssinna á liðnu ári. Miðilsfundum hefur verið haldið uppi, oftast nokkrum sinnum í viku hverri, og eru þeir og hafa alltaf verið, meginstyrkur og meginstarf félagsins og þyrfti efling að verða sem mest á því sviði. Útgáfu- og kynningarstarfsemi hefur varla áður verið meiri: Bókin „Líf er á öðrum hnöttum“ eftir Þorstein Guðjónsson kom út og hefur náð talsverðri sölu. Nýtt tímarit „Miðgarður“ hóf göngu sína, og 8 hefti hafa komið út af Félagsblaði Nýalssinna. Haldnir hafa verið fjórir fræðslu- og miðilsfundir á árinu og einn kynningarfundur í Norræna húsinu. Farið var í tvö ferðalög með góðri þátttöku Nýalssinna. — Svo virðist sem heldur sé léttara fyrir að vinna að kynningu þessa málefnis en oftast áður. Er því mikilsvert að vel sé fylgt eftir af hálfu Nýalssinna, ef eitthvert lát verður á móttöðu.

Verkefni þau sem fyrir liggja í framtíðinni eru óþrotleg, ef Nýalsstefnunni á að verða framengt. Að sjálfsögðu ber að halda áfram kynningarstarfsemi í ræðu og rití, og auka hana eftir föngum. Skipuleg félagsstarfsemi þarf að komast á víða í byggðum landsins. Myndun félagahópa þyrfti að komast á víða um land, þar sem félagar eru fyrir hendi nú þegar.

En meira þarf að gera og stefna hærra. Stefna ber að byggingu nýrar stjörnusambandsstöðvar. Fögur bygging verður hún að vera, standa hátt og vera landi og þjóð til sóma. Hefja þarf undirbúning að byggingu þessari á árinu 1975. Leita þarf eftir landsvæði á hentugum og fögrum stað í Reykjavík eða nágrenni. Leita þarf tillagna og teikninga um útlit, stærð o. fl. Gera þarf könnun á því, á hvern hátt starfsemi fari fram innan þessarar stofnunar. Sem flestir ís-

lendingar þyrftu að standa að byggingu þessarar stjörnusambandsstöðvar. Ef vel er á haldið af hálfu Nýalssinna og málefnið kynnt landsmönnum, er von til þess, að bygging slíkrar stöðvar verði möguleg.

Mikið er í húfi að vel takist til. Framtíð mannkyns veltur á því að lengra komnum vitverum á öðrum hnöttum takist að koma hér fram stefnubreytingu, svo að land okkar verði í sannleika „farsælda Frón“, og mankyn allt geti snúið á leið sannra framfara.

Hugsum öll á jákvæðan hátt til stórataka í þessu máli. Styðjum hina guðleg uviðleitni, svo að lífstefnan megi hér sigra.

Ingvar Agnarsson,
á gamlárstdag 1974.

Látnir félagar

Ragnar Sturluson, sem verið hefur ritari Félags Nýalssinna frá síðasta aðalfundi, lést í Landakotsspítalanum 2. desember. Ragnars var minnst á félagsfundi þann 4. desember, með stuttri ræðu og með því að fundarmenn risu úr sætum.

Steinunn Jónsdóttir Inge sem var meðal einbeittari stuðningsmanna þess að stjörnusambandsstöð var komið upp, lést í Foam Lake, Saskatchewan, Kanada, í aprílokk 1974, nýorðin 100 ára að aldri.

Sambandsfyrirbæri við Breiðafjörð

Dagblaðið Tíminn, skýrði frá því 4. desember að sunnudaginn þar á undan hefði fjöldi fólks á Skarðsströnd og norðan Gilsfjarðar séð einkennilegt ljósþyrirbæri úti í Akureyjum. Á félagsfundi í Stjörnusambandsstöð sama kvöld vakti einn fundarmanna málss á því, að slíka fyrirburði þyrfti félagið og félagsmenn að láta til sín taka, og fylgjast með því hvað þarna er að gerast.

Rit Félags Nýalssinna

til sölu og dreifingar

Líf er á öðrum stjörnum

eftir Þorsteini Guðjónsson. 68 bls. Undirstöðuatriði kenninga Nýals tengdar því, sem áunnist hefur í vísingum á síðari árum. —
Verð kr. 200,00.

Miðgarður

fyrsta hefti 1974. Heimsmyndin og fleiri greinar í anda Nýals. — Verð kr. 200,00.

Félagsblað Nýalssinna

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur. —
Ætlað til gjafa og kynningar.

Enn eru fáanleg ýms eldri hefti af
Íslenzkri stefnu og Félagsblaði Nýalssinna.

Félag Nýalssinna var stofnað árið 1950. Markmið þess er að afla uppgötvunum dr. Helga Pjeturss á lífsambandi milli stjarnanna almennrar viðurkenningar. — Innganga í félagið er heimil öllum sem vilja vinna að markmiði þess. Inntökubeiðni skal senda til stjórnar félagsins. Félag Nýalssinna er landsfélag, og geta allir í það gengið, hvar á landinu sem þeir eiga heima.

FÉLAG NÝALSSINNA

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765
Pósthólf 1159, Reykjavík.

EFNISYFIRLIT

„HESTHAUSINN“ í stjörnumerkinnu Órion, sjá forsíðu Bls. 210

FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

Félagsfundur 4. september, 1974	— 211
Félagsfundur 2. október, 1974	— 212
Félagsfundur 6. nóvember, 1974	— 213
Félagsfundur 4. desember, 1974	— 214
Um fundinn í Norræna húsinu 22. nóv. 1974. P.G.	— 216
Pjóðhátíðarferð Félags Nýalssinna. K.N.	— 220
Húsafellsför Félags Nýalssinna 20.—22. sept. H.G.	— 225
Um miðilsfundi í Húsafellsför. P.G.	— 228
Ferðasaga — Sendibréf (um þjóðhátíðarferð) G.J.	— 229
Spurningar og svör. A.B. og P.G.	— 233
Um hvarf hluta (Orðsending til lesenda félagsblaðs. I.A.	— 237
Bréf Snæbjarnar Jónssonar	— 238
Kveðið á sambandsfundi	— 240
Við árslok. I.A.	— 241
Látnir félagar	— 242
Sambandsfyrirbæri við Breiðafjörð	— 242
Rit Félags Nýalssinna	— 243

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9 e.h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.